



Kennari: Eyrún B. Magnúsdóttir

Sk.st.

EBM

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnst nemendur kenningum og hugtökum tengdum jafnrétti, kynjafræði, lýðræði, mannréttindum og almennri samfélagsvitund. Farið verður í gegnsæi netsamfélaga og afleiðingar hegðunar þar og þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið vegna aukinnar notkunar netsins og aukins framboðs af netsamfélögum. Nemendur munu einnig kynnst umhverfi, stöðu og réttindum fatlaðra í gegnum námsefni og verkefni.

Undanfari: FÉLA2AF05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Mannréttindum og þróun þeirra,
- tilgangi réttindabarátta,
- hvað það er að vera virkur samfélagsþegn í lýðræðissamfélagi,
- grundvallarhugtökum er tengjast jafnrétti og kynjafræði,
- hvað fötlun er og ábyrgð samfélagsins gagnvart því.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita hugtökunum; læsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sköpun, sjálfbærni og heilsa og velferð, bæði í námi og utan þess,
- greina mismunandi tegundir netsamfélaga og áhrif þeirra,
- nota námsefni og umfjöllun um fötlun í raunaðstæðum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Leggja mat á upplýsingar um brot á réttindum fólks og viðbrögð samfélagsins við því,
- tengja umfjöllun samfélagsins við hugtök fjölmiðla um afbrot við sjónarhorn afbrota félags-, kynja- og fötlunarfræði,
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg álitamál,
- geta litið á samfélagið með mismunandi sjónarhornum og gagnrýni,
- vita hvað felst í fræðilegum vinnubrögðum, kunna að leita að heimildum, meta gæði þeirra og vísa rétt í þær.

Námsefni: Kynjafræði fyrir byrjendur – raðbók - <https://kynjafraedi.vefbok.forlagid.is/>

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
9. – 22. jan	Kynning á áfanganum – skipulag. Lýðræði og mannréttindi, jafnrétti.	Verkefni og vinnustofur 10%
23. – 29. jan	Undirbúningur fyrir kennsluhópa	
30. jan – 12. feb	Kafla 1 – Grunnhugmyndir Kennsluhópur 1	Verkefni og vinnustofur 10%
13. – 26. feb	Kafla 2 – Femínismi og bylgjurnar Kennsluhópur 2	Verkefni og vinnustofur 10%
27. feb – 5. mars	Sjálfbærni, siðferði, samskipti Kátir dagar og Flóafár	Verkefni og vinnustofur 5%
6. – 19. mars	Kaflar 3 og 4 – Karlafræði og hinseginfræði Kennsluhópur 3	Verkefni og vinnustofur 10%
20. mars. – 2. apríl	Kafla 5 – Kynin og fjölmiðlar Kennsluhópur 4	Verkefni og vinnustofur 10%
3. – 16. apríl	Réttindi og staða fatlaðra í samfélaginu Páskafri 3. – 11. apríl	Verkefni og vinnustofur 5%
17. – 30. apr	Kafla 6 – Kynlífsmenning, kynfrelsi og kynbundið ofbeldi Kennsluhópur 5	Verkefni og vinnustofur 10%
1. – 7. maí	Samantekt og skrap	

Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 100% skilaskyldu verkefna. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, í samráði við kennara. Algert bann við því að taka upp efni í stofunni nema með leyfi.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	Einstaklings/hópverkefni	70%
Kennsluhópar	Kynning, verkefni, námsmat	20%
Þátttaka	Umræður og virkni í tímum og Innu	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Eyrún B. Magnúsdóttir – eyrun@fsu.is